

3. fundur stjórnar DKG - á Skype 22. janúar 2014.

Mættar: Sigríður Ragna, Marsibil, Þorgerður, Krístrún, Guðbjörg og Eygló Björnsdóttir vefstjóri. Jenný gjaldkeri var í símasambandi því ekki náðist að tengja hana inn í hópinn.

Dagskrá fundarins:

1. *Liður:* Jensína gjaldkeri félagsins sagði frá stöðunni. Allir hafa greitt gjöldin. Í vetur eru 317 virkir félagar og fimm óvirkir eða í leyfi. 1500 dollarar eru greiddir til alþjóðasamtakanna, lægri upphæð en í fyrra fyrir svipaðan fjölda. 873.000 kr. er á rekstrarreikning félagsins.
2. *Liður:* Vefurinn. Eygló vefstjóri telur að það fari að koma að því að við þurfum að uppfæra vefinn hann er orðinn gamall og forritið sem hann er uppfærður í er orðið gamalt. Tilboð (okkar á milli) upp á 90.000 kr. fyrir að uppfæra ritilinn á vefnum okkar og koma okkur þannig upp í nýja útgáfu. Nýrri útgáfa hefur feiri fídusa, flýtihnappar og eitthvað fleira. Aðallega er að ekki lengur hægt að vinna í internet explorer en crome virkar ágætlega. Eygló segir að það liggi ekki á, gætum beðið og séð hvað gerist þegar nýjar útgáfur koma. Eygló ráðleggur að bíða aðeins a.m.k. á meðan við getum unnið á vefnum í gegnum crome. Hún hefur bara samband við okkur um leið og eitthvað fer að verða erfitt í vinnslu á vefnum. Þessir aðilar sem við höfum verið að versla við hafa verið mjög réttlátir og við ekki rukkað mikið fyrir vefinn. Ákveðið að bíða með að gera eitthvað í þessu.
3. *Liður:* Vorþingið. Guðbjörg sagði að það yrði gestur á þinginu Marita heitir hún og er þýsk. Samtökin greiða ferðakostnaðinn hennar en við greiðum gistingu, ferðakostnað innanlands og fleira. Guðbjörg er að fara að hitta menntamálanefndina vegna dagskrár vorþingsins. Jótadeildin er búin að vinna grunnvinnuna þanta gistingu, hádegisverð, hátíðarkvöldverð o.fl. Á vorþingum er ekki menningarferð en ef Jótadeildin vill gera eitthvað vegna afmælisársins þá er það auðvitað í lagi. Sigríður Ragna sagði að síðast hafi það verið þannig að forseti, menntamálanefndin og deildin sem heldur þingið setji saman dagskrána og stjórnin samþykkir svo. Stjórnarkonum leist vel á það fyrirkomulag.
4. *Liður:* Bæklingurinn. Guðbjörg er búin að taka saman allar athugasemdir sem komu um hann og hann er í prentun. Hún mun svo senda hann til deilda.
5. *Liður:* Önnur mál: Ekkert var undir þessum lið.

Fundi slitið kl. 19:10.

Ritari

Þorgerður Sigurðardóttir